

Reikningsskilaráð ríkisins

59. Fundur – 29. september 2021 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 58. fundar samþykkt.

2. Lokun tímabila 2021.

Lykilþáttur í framþróun reikningshaldsins er lokun tímabila í fjárhagskerfum og er nú komið að þeim áfanga við lok níu mánaða uppgjors 2021. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma. Fjársýslan leggur mikla áherslu á þetta verkefni og hefur Ríkisendurskoðun sömuleiðis tekið undir mikilvægi þess. Þetta þýðir einhverja breytingu á verklagi, en fyrst og fremst krefst það þess að bókhaldstengdum verkefnum sé sinnt með meiri aga og innan tímamarka.

3. Ríkisreikningur 2020.

Ríkisreikningur ársins 2020 var birtur 26. júní 2021 sl. Vinna við gerð reikningsins gekk vel og mun betur en fyrri ár. Uppgjör ríkisaðila og ríkissjóðs gekk mun betur fyrir árið 2020 en fyrri ár þar sem verklag LOF og IPSAS hefur mótast í takt við þarfir notanda. Áfram verður unnið að því að bæta verklag við gerð reikningsins.

4. Staðlar innleiðing.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og var því ekki að fullu lokið með útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2020. Reikningsskilaráð samþykkti að heimila frestun á innleiðingu IPSAS staðla nr. 13, 35, 36, 37 og 38. Skýring nr. 2 á bls 30 í ríkisreikningi 2020 fjallar um nýtingu frestunarheimilda og innleiðingaráætlun. Farið var yfir minnisblað frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjársýslunni um verkáætlun frestaðra staðla.

5. Drög að endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar

Farið yfir drög að endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ársins 2020.

6. Staða fasteignamála.

Kynntar voru breytingar í fasteignamálum hjá ríkinu. Frá og með 15. september sameinast Ríkiseignir og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) undir heitinu Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir.

Guðmundur Axel Hansen sérfræðingur í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu kom og gerði nánari grein fyrir þessum breytingum ásamt fyrirhuguðum breytingum á fasteignamálum hjá Háskóla Íslands og LHS.

7. Endurflokkun Hagstofu á ríkisaðilum.

Breytt flokkun snýr að því að ýmsar stofnanir, sem hingað til hafa verið flokkaðar utan A-hluta ríkissjóðs, hafa verið endurflokkaðar við framsetningu Hagstofu samkvæmt GFS og teljast nú innan A-hlutans. Unnið er að því í fjármála- og efnahagsráðuneytingu að ljúka samræmingu fjárlaga við framsetningu þjóðhagsreikning. Gert er ráð fyrir að við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022 verði ríkisaðilar flokkaðir í samræmi við flokkun Hagstofu.

8. Önnur mál.

Þetta var síðasti fundur þessa ráðs áður en skipunartíma þess lýkur. Næsti fundur verður boðaður þegar liggur fyrir hvernig verður skipað í ráðið til næstu fimm ára.

Ekki annað rætt og fundi slitið 10:30.